

Breyting á skipulagi Ásgarðs, íþrótt- og skólasvæðis í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og skólasvæðis við Ásgarð í Garðabæ. Breytingin felst í að lóðarmörkum milli félagsheimilis Stjörnunnar og íþróttavalla er breytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 19. maí 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit fyrir árið 2003, skv. samþykkt nr. 302/2000, um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit skal vera sem hér segir.

		kr.
Sorpgjald A	Íbúðir þar sem sorp er sótt að húsum	15.000
Sorpgjald B	Íbúðir þar sem íbúar losa sorp í gáma	6.600
Sorpgjald C	Sumarhús	5.400
Sorpgjald D	Fyrirtæki samkvæmt sérstökum samningum.	

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá frá 18. febrúar 2000.

Samþykkt í hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar 29. janúar 2003.

Litla-Hvammí, 13. maí 2003.

Sveinbjörn Eyjólfsson oddviti.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar nr. 225/2001 um notkun og hreinsun rotþróa í Borgarfjarðarsveit, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarfjarðarsveit.